



Hátíðar – Háteigur



13. árgangur 5. tbl.

8. maí 2009

☀ **VORHÁTÍÐ 9. MAÍ KL. 12:00 – 14:30** ☀

<http://www.hateigsskoli.is>

Vorhátíð Háteigsskóla 9. maí

Í þessu blaði verður reynt að telja upp það helsta sem verður á dagskrá vorhátíðar næstkomandi laugardag.

Skrúðganga

Vorhátíðin hefst með skrúðgöngu kl. 12:00 og mun lúðrasveit leiða gönguna ásamt lögreglunni. Lagt verður af stað frá bílastæðinu sem er milli skólans og íþróttahússins. Genginn verður venjulegur hringur – Bólstaðarhlíðina, Stakkahlíð og Háteigsveg. Þeir sem vilja geta fengið blöðrur fyrir skrúðgöngu.

Veltibíllinn

Veltibíllinn frá Brautinni - bindindisfélagi ökumanna verður úti á lóð og verður eflaust vinsælt að prófa hann og finna hversu bílbeltin geta bjargað miklu.

Veiðistöng og andlitsmálun

Veiðistöngin góða verður á sínum stað og örugglega margt gott í boði þar.

Nokkrir listfengir foreldrar og nemendur munu sjá um andlitsmálun, en hún var sérlega vinsæl í fyrra og því best að mæta snemma.

Listsköpun

Í kjallara C-álm, þar sem 1. bekkur hefur aðsetur á að bjóða gestum upp á að búa til sín eigin listaverk. En sjón er sögu ríkari!

Gott í gogginn

Ýmislegt verður hægt að gæða sér á, því pylsur og gos verða til sölu á vægu verði og svo verður kaffihús hjá glerskalanum við unglíngadeildina. Auk þessa verður hægt að kaupa sér ýmislegt góðgæti á kökubasarnum til að taka með heim og hafa með kaffinu um helgina.

Viltu búa til ís?

Ekki verður seldur ís í þetta sinn, en aftur á móti gefst gestum kostur á því að taka þátt í nokkrum efnafræðitilraunum og þar á meðal að búa til sinn eigin ís sem menn geta þá smakkað á. Þær tilraunir verða utan dyra.

Sprengjugengið!

Meira verður daðrað við efnafræðina, því Sprengjugengið svokallaða ætlar að vera með skemmtilega sýningu uppi á hól kl. 12:45 og 13:45. Gæta þarf þess að halda sér í hæfilegri fjarlægð!

Reiðhjólin

Við mælum með því að fólk komi hjólandi á hátíðina, því frést hefur að það eigi að setja upp brautabraut fyrir hjólreiðafólk.

Sýning hjá 5. bekkjum í sal skólans

Þar sem ekki náðist að sýna öll atriðin sem áttu að vera á bekkjarkvöldi 5. bekkja fyrir í vetur, verða þau sýnd í salnum á vorhátíðinni kl. 12:20. Vinsamlegast mætið stundvíslega.

Stuttmyndir frá unglíngastigi í sal skólans

Kvikmyndagerð er í mikilli þróun í skólanum og á vorhátíð verða sýndar nokkrar stuttmyndir sem unnar hafa verið í verkhring á unglíngastigi. Myndirnar verða sýndar á eftir 5. bekkjar sýningunni og eru eftirfarandi:

Sælkerarnir, mynd um eldamennsku eftir Jón Inga, Járngerði, Gerði, Salvöru og Snorra. Here comes the sun, tónlistarmyndband eftir Geir, Ragnar og Ingólf Daníel. Hasarmynd eftir Svönu Dís, Brynju, Diljá, Kolfinnu og Höskuld. Stuttmynd eftir Atla, Daníel, Ingólf Daníel og Önnu Karen. Lil piccioni, leirmynd eftir Elvu Björk, Katrínu og Auði Elísabetu.

Víkingasýning í 4. bekk (á 2. hæð A-álm)

Við í 4. bekk ætlum að hafa sýningu sem verður um lífið í gamla daga. Við höfum lagt hart að okkur við þetta verkefni og höfum búið til víkingaskip, torfbæi, kort og veggspjöld. Þetta verður til sýnis á vorhátíðinni. Þórhildur + Hekla í 4. bekk

Frá verkhring á miðstigi

Nemendur miðstigs hafa búið til flottar grímur sem verða til sýnis á 2. hæð A-álm. Einnig munu verða til sýnis plaköt um Indland, Ástralíu og Afríku og menningu þar.

Reyklaus bekkur

Framlag 7. bekkjar til vorhátíðarinnar er að sýna afrakstur nemenda um keppnina Reyklaus bekkur 2009. Búið er að senda myndirnar inn í keppnina en úrslitin verða kynnt eftir miðjan maí.

Keppnin var fyrst haldin í Finnlandi fyrir átján árum en Ísland er nú með í tíunda sinn. Allir 7. og 8. bekkir á landinu geta tekið þátt, svo fremi að enginn nemendanna reyki. Hvor bekkur sendi inn stuttmynd sem fjallar um óhollustu reykinga og áhrif þeirra á líðan og félagsstöðu barna sem reykja. Myndirnar verða sýndar í sjónvarpi á 2. hæð, A álm.

Vorhátíð Háteigsskóla

9. maí 2009

Klukkan 12:00-14:30

Hátíðin hefst á skruðgöngu klukkan 12:00. Í broddi fylkingar fer lögreglan og lúðrasveit. Lagt verður af stað frá bílastæðinu ofan við skólann (á milli skólans og íþróttahússins).



Sprengjugengið mætir á svæðið og verður með efnafræðisýningu úti.

Hjólabraut
Hjólabraut

Kaffihús

Allir velkomnir

Andlitsmálun

Ömmur, afar, frændur, frænkur.....

Kökubasar

Candyfloss

LISTSKÖPUN



Nemendur sem hefja skólagöngu í 1. bekk í haust eru sérstaklega velkomnir.